

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

*La. Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland*

*☎: (+354) 591 2000*

*Fax (+354) 591 2010*

*umhverfisstofnun@ust.is*

*www.umhverfisstofnun.is*

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2006  
Tilvísun: UST20060100014/bs

### **Malarnám á vegum BM Vallár ehf., í landi Spónsgerðis, Arnarneshreppi**

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. desember 2005 þar sem óskað er áhlits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar að teknu tilliti til 3. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að taka um 87.000 m<sup>3</sup> af mól á um 17.000 m<sup>2</sup> svæði vestan Ólafsfjarðarvegar í landi Spónsgerðis. Af gögnum framkvæmdaraðila má ráða að fyrirhugað efnistökusvæði sé á ræktuðu landi.

Efnistaka hefur verið mjög víða í utanverðum Hörgárdal. Sum þessara svæða hafa verið til lýta þar sem þau hafa staðið opin og ófrágengin árum saman.

Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að fyrirhuguð efnistaka fari fram í þremur áföngum. Ekki er gerð grein fyrir hversu lengi efnistakan muni standa, en æskilegt væri að gengið væri frá röskuðum svæðum sem næst árlega til að tryggja sem besta uppgræðslu og að ásýnd svæðisins verði sem best.


Umhverfisstofnun telur að í þeim gögnum sem fylgja tilkynningunni vanti upplýsingar sem taldar eru upp í lið d. í 10. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir: "lýsing á staðhátum, landslagi, gróðurfari og landnotkun og hvort fyrirhugað framkvæmdarsvæði sé á eða nærri verndarsvæðum."


Umhverfisstofnun vill benda á að í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að efnistakan sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum með vísan til 21. liðar í viðauka nr. 1 með ofangreindri reglugerð. Fyrirhuguð efnistaka fellur hins vegar undir 2. gr. lið a. í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða: Þrátt fyrir ófullkomin gögn telur Umhverfisstofnun ólíklegt að fyrirhuguð efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, en ítrekar fyrri ábendingar um góða umgengi.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt skal liggja fyrir umsögn Umhverfisstofnunar byggð á

áætlun um efnistöku skv. 47. gr. og 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd ásamt síðari breytingum.

Virðingarfyllst  
  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður